

Mánudaginn 19. mars 1984.

Nr. 46/1984. **B. Sveinsson og Friðriksson**

gegn

Jóni H. Runólfssyni

Kærumál. Áskorunarmál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga 75/1973 skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 1984, sem barst Hæstarétti 7. mars s.á. Lögmaður sóknaraðilja skýrir frá því í kæru sinni, að sér hafi eigi verið kunnugt um dómsathöfnina fyrr en 21. febrúar 1984. Er þeirri frásögn ekki hnekk, og er kæran því nógu tímanlega fram borin, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávisun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að taka málið til efnisúrlausnar. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðuðu sóknaraðiljar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með stefnu, útgefinni 6. desember 1983, birtri 6. janúar 1984, til heimtu skuldar að fjárhæð 2.200.00 krónur samkvæmt vixli, útgefnum af sóknaraðilja 6. október 1983, samþykktum af varnaraðilja og framseldum af sóknaraðilja. Gjaldtagi víxilsins var 1. nóvember 1983 í Útvegabanka Íslands í Reykjavík. Útgefandi (sóknaraðili) ritaði næst á undan nafnritun sinni orðin „án afsagnar“.

Stefnan var birt fyrir varnaraðilja persónulega, en hann sótti eigi þing hinn 17. janúar 1984, er málið var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur. Var málið þá tekið til áritunar að kröfu sóknaraðilja.

Hinn 7. febrúar 1984 var málinu vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur með svofelldri áritun Þórhildar Lindal, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík, á stefnuna:

„Á frumriti áskorunarstefnu sést að upphaflega hefur þingfesting málsins verið ákveðin 10. janúar 1984 en síðar hefur þeirri ákvörðun

verið breytt í 17. janúar 1984. Þessa breytingu á þingfestingardegi er þó einungis að finna á frumriti stefnunnar en engu þeirra ljósrita hennar sem fylgja.

Vegna þessa ósamræmis þykir verða að vísa máli þessu frá dómi án kröfu þar eð eigi verður séð með óyggjandi hætti hvenær breytingin var gerð né heldur hvort hún var stefnda kunn.

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður.“

Í kæru skýra sóknaraðiljar svo frá, að með því að ekki hafi tekist að birta varnaraðilja framangreinda stefnu nægilega tímanlega, hafa stefnuvottar að ósk lögmanns sóknaraðilja breytt þingfestingardeginum, sem greindur var 10. janúar 1984 í stefnu, í 17. janúar 1984 og sett fangamörk sín við þá breytingu. Komi fram í stefnubirtingarvottorði, að stefnuvottar hafi birt varnaraðilja frumrit stefnu og afhent honum endurrit. Verði að líta svo á, „að stefnda hafi verið afhent endurrit þess frumrits umræddrar stefnu í því ásigkomulagi, er það var í á þingfestingardegi þann 17. janúar 1984 og með því sama efni“. Telja sóknaraðiljar, að vottorði stefnuvotta um stefnubirtingu sé ekki hnekkð og eigi því að fella úr gildi hina kærðu dómsathöfn.

Endurrit af dómstefnu í máli þessu ber með sér, að þingfestingardegi hefur verið breytt úr 10. janúar í 17. janúar 1984. Upphafsstafir eru settir út á spássiu, en eru þó ógreinilegir. Breyting á tölunni 10. í 17. er og óglögg. Breytingin er ekki gerð á því ljósriti, er fylgdi gögnum máls til héraðsdómara. Varnaraðili sótti ekki dómþing, svo sem áður greinir. Er óvíst, hvernig endurrit það, sem honum var afhent, hafi verið úr garði gert að því er framangreinda breytingu varðar. Vegna þessa annmarka er það rétt niðurstaða hjá héraðsdómara að vísa máli þessu frá dómi, og ber að staðfesta hinna kærðu dómsathöfn.

Krafa um kærúmálskostnað verður ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Kærúmálskostnaður fellur niður.